

Nd. 365. Frumvarp til laga

um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Þau börn teljast óskilgetin, sem hvorki fæðast í hjónabandi foreldra sinna né svo skömmu eftir hjúskaparslit þeirra, að þau geti verið getin í hjónabandinu.

2. gr.

Nú giftast karl og kona, sem átt hafa saman óskilgetið barn, og skal þá barn þeirra talið skilgetið.

3. gr.

Nú gengst karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, við faðerni þess fyrir presti eða valdsmanni, eða bréflega og vottfast, og telst hann þá faðir barnsins.

Nú er sambúð karls og konu óslitin frá því 10 mánuðum fyrir fæðingu barns og þangað til 2 árum eftir hana, og jafngildir hún þá faðernisjátningu.

4. gr.

Gangist karlmaður, sem kona kennir óskilgetið barn sitt, ekki við faðerni þess, má höfða mál til sönnunar faðerninu. Um réttarfar í slíkum málum fer að réttarfarslögum.

5. gr.

Móðir er skyld að framfæra og ala upp óskilgetið barn sitt sem skilgetið væri, enda er afstaða óskilgetins barns gagnvart móður þess söm sem afstaða skilgetins barns gagnvart foreldri.

6. gr.

Nú hefur karlmaður gengizt við faðerni óskilgetins barns, verið dæmdur faðir þess, honum orðið eiðfall eða eiður fallið á hann, og er honum þá, jafnt móður þess, skylt að kosta framfærslu barnsins og uppeldi.

7. gr.

Heimilt er barnsmóður, eða öðrum framfæranda óskilgetins barns, þar á meðal sveitarstjórn, að semja fyrirfram jafnvel fyrir barnsburð um greiðslu meðlags og kostnaðar vegna barnsburðarins. Slíkur samningur er því aðeins gildur, að valdsmaður staðfesti hann. Eigi er heimilt að semja um lægra meðlag en barnalífeyri, eins og hann er á hverjum tíma samkvæmt lögum um almannatryggingar, og fara skal með slíkt fé, ef fyrirfram er greitt, sem fé ófjárráða.

8. gr.

Valdsmanni í heimilissveit barnsföður, eða þess, sem dæmdur er meðlagsskyldur, er heimilt að úrskurða hann til meðlagsgreiðslu. Við ákvörðun meðlagsupphæðar skal hafa hliðsjón af högum beggja foreldra og miða meðlagsgreiðsluna við hag þess foreldris, sem betur er stætt. Nú má ætla, að barnið sé ávöxtur af samförum án vilja móður þess eða að óvilja hennar, enda hafi faðirinn við réttarrannsókn orðið sannur að slíku tilræði við móðurina, og skal þá úrskurða barnsföður til að kosta framfærslu barnsins að öllu leyti. Í meðlagsúrskurði skal tilgreina aldur barnsföður (meðlagsskylds), fæðingarstað og framfærslusveit.

Í meðlagsúrskurði má aldrei ákveða lægri meðlagsgreiðslu en barnalífeyri samkvæmt lögum um almannatryggingar, eins og hann er ákveðinn á hverjum tíma.

9. gr.

Nú sýkist barn á ómagaaldri eða andast, og er valdsmanni þá heimilt, ef móðir þess krefst, að úrskurða föður þess eða þann, sem dæmdur er meðlagsskyldur, til þess að leggja fram fé til hjúkrunar, lækningar og greftrunar barnsins. Sama rétt hefur sá, er tekur að sér framfærslu barnsins að móðurinni látinni eða af öðrum ástæðum, þar á meðal sveitarstjórn.

10. gr.

Meðlag með óskilgetnu barni skal greiða mánaðarlega fyrirfram. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða meðlag óskilgetins barns fyrirfram fyrir allt að sex mánuði í senn.

11. gr.

Nú deyr faðir óskilgetins barns (meðlagsskyldur) og skal þá greiða af fé dánarbúsins sem eindagaða skuld meðlag með barninu til 16 ára aldurs, en þó aldrei lægri upphæð en barnalífeyri skv. lögum um almannatryggingar og ekki hærri upphæð en barnið skyldi í arf taka, ef skilgetið væri. Skiptaráðanda er jafnan skylt að lýsa slíkri kröfu í dánarbú, viti hann, að hinn látni hafi látið eftir sig óskilgetið barn. Nú situr ekkja barnsföður í óskiptu bú, og skal hún þá greiða meðlag það, er á barnsföður hvíldi, nema valdsmaður ákveði annað með rökstuddum úrskurði. Nú er slík greiðsla af hendi innt í einu lagi eftir lát barnsföður (meðlagsskylds) og fer þá un

hana sem segir í niðurlagi 7. gr. Deyi óskilgetið barn, áður en eytt er fé það, sem greitt hefur verið með því úr dánarbúi föður þess (meðlagsskylds), kemur það, sem óeytt er, til skipta milli erfingja hans.

12. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða móður óskilgetins barns, sem á framfærslurétt hér á landi, meðlag með barni hennar og annan kostnað vegna barnsins samkvæmt yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi, þó ekki meira en barnalífeyri samkv. lögum um almannatryggingar og ekki lægri upphæð, þótt úrskurður eða samningur ákveði annað.

Kröfu barnsmóður til Tryggingastofnunarinnar skal fylgja meðlagsúrskurður, löglega birtur, og lífsvottorð barnsins. Tryggingastofnuninni er þó ekki skylt að greiða meðlag, sem eindagað er meira en 12 mánuðum áður en krafa barnsmóður kom fram, og skylt er Tryggingastofnuninni að gera dvalarsveit móður eða framfærslusveit föður barnsins (meðlagsskylds) kunnugt um greiðsluna innan 6 vikna frá greiðslu, ella fellur endurkröfuréttur Tryggingastofnunarinnar niður. Eigi barnfaðir (meðlagsskyldur) framfærslurétt erlendis, skal ríkissjóður endurgreiða Tryggingastofnuninni úrskurðarupphæðirnar.

13. gr.

Nú hefur móðir óskilgetins barns fært sönnur á faðerni þess samkv. 3. gr. að dómi valdsmanns, þar sem hún á heima, en meðlagsúrskurður verður þó ekki út gefinn, og skal þá valdsmaður úrskurða henni meðlag og kostnað samkv. 12. og 16. gr. á hendur Tryggingastofnun ríkisins. Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

14. gr.

Móðir óskilgetins barns getur snúið sér til valdsmanns um höfðun barnsfaðernismáls gegn þeim karlmanni, er hún lýsir föður barnsins. Verði hann ekki sóttur í slíku máli hér á landi, skal málið þó rannsakað með sama hætti og þá er varnaradili er látinn eða farinn af landi burt, og skal valdsmanni heimilt með rökstuddum úrskurði að leyfa barnsmóður að staðfesta framburð sinn með eidi, ef við rannsókn málsins hafa komið fram þær líkur fyrir faðerninu, er hann telur til þess nægja. Úrskurði valdsmanns má skjóta til hæstaréttar.

Þegar slíkur eiddur hefur verið unninn, er valdsmanni skylt að úrskurða móður barnsins meðlag og kostnað á hendur Tryggingastofnun ríkisins eins og segir í 13. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir þessar upphæðir.

15. gr.

Sama rétt og móðir óskilgetins barns hefur samkvæmt framansögðu, hafa og þeir, er annast framfærslu barnsins að móðurinni látinni eða af öðrum lögmaeltum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess.

16. gr.

Nú elur kona óskilgetið barn, og á hún þá rétt til greiðslu af tryggingafé samkv. 34. gr. laga nr. 50 1946, um almannatryggingar, hvort sem hún hefur greitt tryggingaiðgjald eða ekki, en rétt er valdsmanni að úrskurða barnsföður (meðlagsskyldan) til að greiða tryggingaiðgjöld hennar um eins árs bil og framlag til hennar, er nemi því, sem á kann að vanta, að hún fái hámarksgreiðslu samkv. nefndri lagagrein.

Nú sýkist kona vegna meðgöngunnar eða barnsfaranna, og er valdsmanni þá rétt að úrskurða barnsföður (meðlagsskyldan) til að greiða henni mánaðarlegan styrk til hjúkrunar og framfærslu, þó ekki lengur en í 6 mánuði eftir barnsburð, að því leyti, sem sá kostnaður verður ekki greiddur af tryggingarfé.

Hafi barnsfaðir orðið sannur að slíku tilræði við barnsmóður, sem um getur í 2. mgr. 8. gr., skal valdsmaður úrskurða hann til að greiða allan kostnað, er af meðgöngunni og barnsförunum leiðir.

17. gr.

Allur kostnaður og meðlag, er valdsmaður úrskurðar barnsmóður til handa, er gjaldkræfur á hendur Tryggingastofnun ríkisins næstu 12 mánuði eftir að úrskurður var út gefinn eða dómur gekk í barnsfaðernismáli, enda verði barnsmóður ekki um kennt, að málið var ekki fyrr dæmt eða úrskurðað.

18. gr.

Móðir óskilgetins barns hefur ein foreldraráð yfir barni sínu. Giftist hún öðrum en föður barnsins, hafa hjónin bæði foreldraráð yfir barninu, enda fylgi það móður sinni. Ef móðirin andast, ræður stjúpinn barninu.

19. gr.

Nú andast ógift kona frá óskilgetnu ósjálfráða barni sínu, fer alfarin af landi burt eða telst óhæf, að dómi barnaverndarnefndar til þess að ala barnið upp, og skal þá faðir þess fá foreldraráðin, enda hafi barnið erfðarétt eftir hann og hann greitt meðlag þess skv. úrskurði eða samningi. Hafi barnsfaðirinn ekki greitt meðlag, skal barnaverndarnefnd ákveða, hver eða hverjir skuli fara með foreldraráðin.

20. gr.

Barnaverndarnefnd er jafnan heimilt að úrskurða, að óskilgetið barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef þar fer vel um það, enda þótt sá, er foreldraráð hefur yfir barninu, kalli eftir því.

21. gr.

Óskilgetið barn erfir móður og móðurfrændur sem skilgetið væri, svo og föður sinn og föðurfrændur, hafi hann gengizt við faðerni þess eða verið dæmdur faðir þess.

Móðir og móðurfrændur erfa óskilgetið barn sem skilgetið væri, svo og faðir og föðurfrændur, hafi barnið átt erfðarétt eftir þá.

22. gr.

Afstaða óskilgetins barns fer að íslenskum lögum, hafi móðir þess íslenskan ríkisborgararétt. Svo er og, ef ekki verður upplýst um ríkisborgararétt hennar eða barnsins og það dvelur hér á landi.

23. gr.

Nú er óskilgetið barn fætt fyrir 1. nóv. 1922, og fer þá um barnið samkv. lögum frá þeim tíma. Ákvæði laganna um framfærsluskyldu föður gagnvart barninu og skyldu hans gagnvart móður þess, svo og erfðaákvæði 21. gr. gilda eigi um aðra en þá, sem fæddir eru eftir 1. nóv. 1922.

24. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, lög nr. 39 28. jan. 1935, lög nr. 61 27. júní 1941 og lög nr. 55 14. apríl 1943, öll um breyting á þeim lögum, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1947.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta er flutt að beiðni félagsmálaráðherra. Nefndarmenn hafa óbundnar hendur um frv. og einstök atriði þess. Frv. fylgdu eftirfarandi athugasemdir:

Frumvarp þetta er samið af sömu nefnd og starfaði að endurskoðun framfærslulaganna og er í greinargerð þess frumvarps vikið að helztu atriðunum í þessu frumvarpi, er breytingu taka, og vísast þar um til þeirrar greinargerðar. Þykir því nægilegt, að frumvarpi þessu fylgi athugasemdir við einstakar greinar þess, og fara þær hér á eftir.

Athugasemdir við einstakar frumvarpsgreinar:

Um 1. gr.

Greinin er að efni til samhljóða 1. gr. laga nr. 46 27. júní 1921, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna.

Um 2. gr.

2. gr. laga nr. 46/1921 er felld niður, þar sem hún virðist algerlega óþörf, en í 2. gr. þessa frv. er það nýmæli, að öll börn, er giftir foreldrar hafa saman átt fyrir giftingu, skuli talin skilgetin. Í 37. gr. l. 46/1921, eru þessi börn talin skilgerð, og er allur VI. kafli þeirra, 37.—40. gr., um skilgerðina.

Í vitund almennings eru öll börn, er giftir foreldrar hafa saman átt, skilgetin, og virðist sjálfsagt, að það sé staðfest með lögum. Núgildandi ákvæði um skilgerð eru til þess aðallega að tryggja óskilgetnu barni erfðarétt, en til þess eru aðrar auðveldari leiðir. Samkv. þessu er hér lagt til, að allur VI. kafli l. 46/1921 sé felldur úr gildi.

Um 3. gr.

1. mgr. er að efni til samhlj. 4. gr. l. 46/1921.

Í 2. mgr. er tekin faðernissönnun sú, er um getur í 36. gr. l. 46/1921, með þeirri breytingu, að sambúðartímabilið eftir fæðingu barnsins er stýtt úr 3 árum í tvö, til samræmis við 25. og 37. gr. laga nr. 50/1946, um almannatryggingar.

Um 4. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Að efni til samhlj. 17. gr. l. 46/1921.

Um 6. gr.

Samhlj. 1. mgr. 18. gr. l. 46/1921. Síðari hluti greinarinnar er felldur niður, þar sem hann hefur reynzt þýðingarlaus. 19. gr. laganna er og felld niður, þar sem sams konar ákvæði er í lögum um meðferð einkamála.

Um 7. gr.

Að efni til samhlj. 20. gr. l. 46/1921. Þó er gerður fyrirvari um, að óheimilt sé að semja um lægri meðlagsgreiðslu með óskilgetnu barni en sem nemur barnalífeyri samkv. lögum um almannatryggingar.

Um 8. gr.

Kemur í stað 21. gr. l. 46/1921, með smávægilegum breytingum.

Í niðurlagi 1. mgr. kemur fyrir orðið (meðlagsskylds), en í frumvarpi þessu er eins og í l. 46/1921 gerður greinarmunur á þeim, sem talinn er faðir óskilgetins barns, og hinum, sem ekki verður talinn faðir barns, en er hinsvegar með dómi skyldaður til að greiða meðlag með því, og er við slíkan átt með orðinu „meðlags-skyldur“, og hefur hann í ýmsum greinum minni skyldur gagnvart barnsmóður og barninu en barnsfaðir, þ. e. sá, sem talinn er faðir barns, eins og víða kemur fram í frumvarpinu.

Um 9. gr.

Að efni til samhlj. 22. gr. l. 46/1921.

Um 10. gr.

Kemur í stað 24. gr. l. 46/1921. Er hér lagt til, að gerð verði sú breyting, að meðlög óskilgetinna barna skuli greiða mánaðarlega fyrir fram, í stað missirilega fyrir fram áður.

Verðlagsuppbót á meðlagsupphæðir er greidd mánaðarlega eftir á, samkv. gildandi lögum, og þær meðlagsgreiðslur, sem upp hafa verið teknar eftir gildistöku l. 46/1921, eru undantekningarlaust um mánaðarlegar greiðslur, t. d. meðlagsgreiðslur með börnum ekkna. Eru þannig meðlög óskilgetinna barna nú greidd að $\frac{1}{3}$ fyrir 6 mánuði fyrirfram, en að $\frac{2}{3}$ mánaðarlega eftir á, og veldur það nokkrum ruglingi og er stundum lítt skiljanlegt þeim, er meðlögin taka. Virðist því eðlilegt, að þessu sé breytt og öll meðlög verði greidd mánaðarlega eftirleiðis, enda mun það koma að bestum notum þeim mæðrum, er hafa meðlaganna mesta þörf. Rétt þykir þó að heimila missirilegar greiðslur þegar sérstaklega stendur á, t. d. í strjálbýli.

Um 11. gr.

Að efni til er grein þessi samhlj. 25. gr. l. 46/1921.

Um 12. gr.

Í 27. gr. laganna um almannatryggingar er mæðrum óskilgetinna barna heimilað að krefjast greiðslu á úrskurðarfé hjá Tryggingarstofnun ríkisins, og í 26. gr. l. 46/1921 er þeim veitt sama heimild á hendur bæjar- eða sveitarsjóði í dvalarsveit sinni. Auðsætt er, að afgreiðsla meðlaganna verður að vera hjá einum og sama aðila alls staðar á landinu, og þá að sjálfsögðu Tryggingarstofnuninni, sem yfirleitt á að annast greiðslu á öllum barnalífeyri. Því er hér lagt til, að skylda bæjar- og sveitarfélaga til greiðslu meðlaga samkv. úrskurðum verði felld niður.

Samkv. 27. gr. laga um almannatryggingar á Tryggingarstofnunin endurkröfurett á meðlagsupphæðum, sem greiddar eru samkv. úrskurðum, á dvalarsveit móður eða framfærsluveit föður barnsins. Þykir rétt að taka hér upp fyrningarákvæði 58. gr. framfærslulaga, nr. 52/1940, á kröfum milli sveitarfélaga, og láta þau einnig gilda um viðskipti Tryggingastofnunarinnar við sveitarfélögin.

Að öðru leyti svarar greinin til 26. gr. l. 46/1921.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli, sem lagt er til að sett verði, aðallega vegna barna þeirra, sem hermenn úr setuliði bandamanna hér eru feður að. — Þessi grein fjallar um rétt þeirra mæðra, sem fært hafa lögfulla sönnun á faðerni barna sinna, en hafa ekki getað fengið útgefinn meðlagsúrskurð, vegna þess að íslensk stjórnarvöld áttu ekki lögsögu yfir feðrunum eða þeir eru farnir af landi burt og ekki næst til þeirra. — Þessum mæðrum er ekki unnt að ná rétti sínum eftir núgildandi lögum, þar sem meðlagsúrskurður er óhjákvæmilegt skilyrði fyrir greiðslum af opinberu fé. Hinsvegar virðist óréttmætt, að þær verði verr settar en aðrar, og er því hér lagt til, að þeim verði veittur sami réttur og öðrum mæðrum óskilgetinna barna. Rétt er, að ríkissjóður endurgreiði þessi meðlög, eins og þegar um aðra útlendinga er að ræða, enda er það í samræmi við gildandi lagaákvæði.

Um 14. gr.

Grein þessi er einnig nýmæli og er samín aðallega vegna barna þeirra, er hermenn úr setuliði bandamanna hafa hér átt, en ekki gengið formlega við faðerni að. Menn þessir verða ekki sóttir í barnsfaðernismáli fyrir íslenskum dómstólum. Ekki þótti fært að heimila, að úr faðerni slíkra barna yrði skorið hér með dómi, m. a. vegna þess, að samningar kynnu síðar að verða upp teknir við hlutaðeigandi ríki um meðferð þessara mála. Nú er högum flestra mæðra þeirra barna, er hér um ræðir, þannig varið, að þær mega illa án meðlaganna vera. Þótti sú leið einföldust, sem hér er lagt til að farin verði, þ. e. að veita þeim að undangenginni rannsókn á máli þeirra heim-

ild til að staðfesta framburð sinn með eiði, ef málstaður þeirra þykir líklegur, og rétt til meðlaga og kostnaðar er slíkur eiður hefur verið unninn. Það verður vita-skuld að vera valdsmannsins að meta það í hverju einstöku falli, hvort honum sýnast þær líkur fram komnar fyrir faðerninu við rannsókn málsins, er hann telur unnt að byggja heimild til eiðvinningar á, en ekki er þó rétt að gera strangar kröfur í þessum efnum þegar af þeirri ástæðu, að menn þeir, sem um er að ræða, eru útlendingar, margir hverjir lítt kunnugir hérlandu fólki, og því erfiðara um öflun upplýsinga og gagna, er að haldi mættu koma við rannsókn málsins, en ella væri.

Um 15. gr.

Að efni til samhljóða 27. gr. l. 46/1921.

Um 16. gr.

1. mgr. kemur í stað 29.—31. gr. l. 46/1921. Hér er gert ráð fyrir því, að barns-faðir sleppi að öllu eða miklu leyti við að greiða kostnað vegna meðgöngunnar og barnsfaranna gagnstætt því sem nú er. Virðist því sanngjarnt að hann greiði trygg-ingaiðgjald konunnar um eins árs bil. Síðari liður þessarar málsgreinar lýtur að því, að bætur samkv. 34. gr. laga um almannatryggingar eru nokkuð misjafnar eftir því, hvort konan stundar atvinnu utan heimilis eða ekki. Konur, sem ekki stunda atvinnu utan heimilis, fá bætur, sem að upphæð eru verulega lægri en barnsfarakostnaður sá og styrkur, sem nú er venjulega úrskurðaður án tillits til atvinnu konunnar. Þótti því rétt að setja hér heimild til að úrskurða barnsföður til að greiða það, sem á vantar fyllstu bætur samkv. nefndri lagagrein.

2. mgr. er að efni til í aðalatriðum samhljóða 2. mgr. 30. gr. l. 46/1921. Þó er það ekki gert að skilyrði, að liðnir séu 6 mánuðir af meðgöngutímanum til þess að gera megi kröfu um styrk samkv. þessari málsgre., en verði hinsvegar að höfða mál til sönnunar faðernis barns (fósturs), leiðir það af ákvæðum réttarfarslaga, að mál verður ekki höfðað innan þess tíma, og úrskurður um slíkan styrk ekki út gefinn fyrr en dómur hefur gengið í því máli. Þá er gert ráð fyrir því, að fram-fætsla og hjúkrun konunnar á umræddu tímabili — þ. e. frá því hún varð barns-hafandi þar til 6 mánuðum eftir barnsburð — geti að einhverju eða öllu leyti verið kostuð af tryggingafé.

3. mgr. er að efni til samhljóða 2. mgr. 29. gr. l. 46/1921, og er ekki gert ráð fyrir því, að til frádráttar komi bætur til móðurinnar samkv. 34. gr. laga um almannatryggingar.

Um 17. gr.

Er að efni til í aðalatriðum samhljóða ákvæðum í 26. og 31. gr. l. 46/1921, nema hvað Tryggingastofnunin kemur í stað dvalarsveitar barnsmóður.

Um 18. gr.

Er að efni til samhljóða 32. gr. l. 46/1921.

Um 19. gr.

Kemur í stað 1. mgr. 33. gr. l. 46/1921 með þeim breytingum, að barnavernd-arnefnd kemur í stað valdsmanns, enda lög um barnavernd síðar til komin en l. 46/1921, og að feður annarra óskilgetinna barna en eiðs- og eiðfallsbarna fái í þeim tilfellum, er hér um ræðir, foreldraráð yfir barninu, ef þeir hafa greitt úr-skurðað eða umsamið meðlag.

Um 20. gr.

Grein þessi er samin með hliðsjón af 2. mgr. 33. gr. l. 46/1921 og 16. gr. l. 52/1940.

Í stað 34. gr. l. 46/1921 koma ákvæði barnaverndarlaga.

Um 21. gr.
Er að efni til samhljóða 36. gr. l. 46/1921.

Um 22. gr.
Fyrri hluti greinarinnar er að efni til samhljóða 41. gr. l. 46/1921. Síðari hlutinn er í samræmi við ákvæði laga um ríkisborgararétt. Hinsvegar eru 42. og 43. gr. l. 46/1921 niður felldar.

Um 23. gr.
Er í samræmi við ákvæði 44. gr. l. 46/1921.

Um 24. og 25. gr.
Þarfnast ekki skýringa.

Frekari greinargerðar eða athugasemda, en nú hafa gerðar verið, telur nefndin ekki við þurfa.

Reykjavík, 13. des. 1946.

Jónas Guðmundsson. Auður Auðuns. Jónas Thoroddsen.
Ólafur Sveinbjörnsson. Ingólfur Jónsson.